

Reykjavík, 31. ágúst 2017
R17030286
6720
LSS

Borgarráð

Málefni miðborgar - verkefnisstjórn

Á fundi forsætisnefndar þann 30. ágúst 2017 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 25. ágúst 2017, þar sem fram eru lögð til kynningar drög að samþykkt fyrir verkefnisstjórn miðborgarmála.

Forsætisnefnd samþykkti að vísa erindinu til borgarráðs

Linda Sif Sigurðardóttir
e.u.

Hjálagt:
Bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, ásamt fskj.
Afrit:
Verkefnastjóri miðborgarmála



Reykjavík, 25. ágúst 2017
R17030286
6720

Forsætisnefnd

Samþykkt fyrir verkefnisstjórn miðborgarmála

Á fundi verkefnisstjórnar miðborgarmála þann 22.ágúst 2017 voru samþykkt hjálögð drög að samþykkt fyrir verkefnisstjórnina. Óskað er eftir að forsætisnefnd taki samþykktina til viðeigandi meðferðar.

F.h. verkefnisstjórnar miðborgarmála



Stefán Eiríksson
borgarritari

Hjálagt:

Drög að samþykkt verkefnisstjórnar miðborgarmála

Samþykkt fyrir verkefnisstjórn miðborgarmála

Umboð

1 .gr.

Verkefnisstjórn miðborgarmála starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari.

Verksvið

2. gr.

Verkefnisstjórn miðborgarmála vinnur eftir stefnu um málefni miðborgar sem samþykkt var í borgarráði þann 30. apríl 2017.

Verkefnisstjórnin skal skapa aukna yfirsýn og markvissari upplýsingamiðlun um málefni miðborgar og efla samhæfingu og samráð milli mismunandi hagsmunaaðila og ólíkra stjórnsýslusviða borgarinnar.

Verkefnisstjórn miðborgarmála tekur ákvörðun um úthlutun úr miðborgarsjóði í samræmi við útgefnar útlutunarreglur sjóðsins.

3. gr.

Til þess að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur verkefnisstjórnin m.a. með höndum eftirtalin verkefni:

- Sérhver fulltrúi í verkefnisstjórninni, að formanni undanskildum, ber ábyrgð á ákveðnum og skilgreindum þáttum í aðgerðaráætlun stefnunnar í samstarfi við verkefnisstjórnina.
- Verkefnisstjórn miðborgarmála skal gera starfs- og verkefnaáætlun til eins árs í senn. Árlega skal hún skila úttekt á störfum sínum og einstaka verkefnum til borgarráðs.
- Verkefnisstjórn miðborgarmála getur falið borgarritara að flytja áfram tillögur til borgarráðs/borgarstjóra til endanlegra ákvarðana og framkvæmda eftir umfjöllun og samþykkt í verkefnisstjórn. Gera skal grein fyrir afdrifum tillagna á sama vettvangi.
- Verkefnastjóri miðborgarmála hefur yfirumsjón með kynningu, utanumhaldi og úrvinnslu umsókna úr Miðborgarsjóði fyrir hönd verkefnisstjórnarinnar.

Skipan
5. gr.

Verkefnisstjórn miðborgarmála er skipuð til þriggja ára í senn. Að þeim tíma liðnum skal fyrirkomulag verkefnisstjórnarinnar og verkefni hennar endurmetin og endurskoðuð.

Eftirfarandi aðilar eiga sæti í verkefnisstjórn miðborgarmála:

Fulltrúar Reykjavíkurborgar, skipaðir af borgarráði,

Borgarritari, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.
Verkefnisstjóri miðborgarmála, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.
Forstöðumaður Höfuðborgarstofu, menningar- og ferðamálasvið.
Deildarstjóri borgarhönnunar,
Fulltrúi skipulagsfulltrúa sem vinnur að miðborgarverkefnum,
Deildarstjóra hverfastöðvar vestur og byggingarfulltrúa, umhverfis- og skipulagssvið.
Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, velferðarsvið.
Mannréttindastjóri, mannréttindaskrifstofa.
Verkefnisstjóri miðborgarverkefna, skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.
Upplýsingastjóri, upplýsinga- og vefdeild.

Áheyrnarfulltrúar, skipaðir af hagsmunaaðilum í miðborg,

Miðborgin okkar, tveir fulltrúar.
SAF, tveir fulltrúar og skal annar fulltrúinn vera úr hópi veitingaaðila í miðborginni.
Fasteignaeigendur í miðborg, einn fulltrúi
Íbúasamtök Miðborgar, einn fulltrúi.
Íbúasamtök Vesturbæjar, einn fulltrúi.
BÍL, einn fulltrúi.
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, einn fulltrúi.

Verkefnisstjórn miðborgarmála er heimilt að fjölga áheyrnarfulltrúum ef þörf krefur, m.a. til þess að tryggja aðkomu nýrra hagsmunaaðila/hópa í miðborginni. Þá er verkefnastjóra miðborgarmála í samráði við formann heimilt að boða aðila á einstaka fundi verkefnisstjórnarinnar.

Aðrir fulltrúar,

Fulltrúar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar og Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu vinna með verkefnisstjórn miðborgarmála og hafa heimild til þess að mæta á alla fundi.

Hlutverk og skyldur fulltrúa Reykjavíkurborgar
6. gr.

Fulltrúar Reykjavíkurborgar í verkefnisstjórn taka þátt í öllum formlegum samráðsfundum samráðsvettvangs miðborgar. Sérhver fulltrúi í verkefnisstjórn sér um að miðla upplýsingum milli verkefnisstjórnar og síns sviðs innan borgarinnar. Komi til forfalla stjórnarmanns skal hann ávallt senda staðgengil í sinn stað og tilkynna það verkefnastjóra miðborgarmála svo fljótt sem auðið er.

Borgarritari miðlar sjónarmiðum og verkefnum af vettvangi verkefnisstjórnar innan nefnda og stjórnýslu borgarinnar til endanlegra ákvarðana og framkvæmda. Hann ber ábyrgð á að koma með formlegum hætti fram tillögum og aðgerðum sem verkefnisstjórn hefur fjallað um og samþykkt að skuli fá frekari umfjöllun. Tillögum skal skila beint til borgarráðs/borgarstjóra eftir því sem við á.

Hlutverk og skyldur áheyrnarfulltrúa
7. gr.

Áheyrnarfulltrúar verkefnisstjórnar eru boðaðir á alla formlega fundi verkefnisstjórnar miðborgar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Sérhver áheyrnarfulltrúi í verkefnisstjórn skal miðla upplýsingum milli verkefnisstjórnar og síns hagsmunafélags. Komi til forfalla áheyrnarfulltrúa skal hann ávallt senda staðgengil í sinn stað og tilkynna það verkefnastjóra miðborgarmála svo fljótt sem auðið er.

Verkstjórn og verkaskipting
8. gr.

Borgarritari er í forsvari fyrir verkefnastjórn miðborgar og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í verkefnastjórninni eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í miðborgarmálum.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara annast framkvæmd verkefna verkefnisstjórnar miðborgar og er verkefnastjóri miðborgarmála tengiliður verkefnastjórnarinnar við aðrar stofnanir borgarinnar.

Boðun funda og fundarsköp
9. gr.

Verkefnastjórn miðborgar heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Þar á meðal eru fjórir árstíðabundnir fundir og einn árlegur stefnumótunarfundur. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Verkefnastjóri miðborgarmála boðar til funda og ákveður dagskrá í samráði við borgarritara sem sér jafnframt um fundarstjórn.

Á dagskrá skulu m.a. tekin fyrir mál sem fulltrúar í verkefnisstjórninni eða áheyrnarfulltrúar hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Heimilt er að taka mál til meðferðar þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá.

Áheyrnarfulltrúar hagsmunaaðila skulu sitja fundi verkefnastjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur verkefnisstjórnin boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra, sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Fundur verkefnisstjórnar miðborgarmála skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum hálfsmánaðarlega og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal þar sem koma m.a. fram tímasetning funda.

Verkefnastjórnin skal halda gerðarbók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Verkefnastjóri miðborgarmála, á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og ber ábyrgð á fundarritun.

Um hæfi stjórnarmanna og áheyrnarfulltrúa til meðferðar og afgreiðslu einstakra mála gilda hæfisreglur stjórnsýslulaga eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Verkefnisstjórn miðborgar skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

Fjármál

10. gr.

Verkefnisstjórn miðborgar fær fjárhagsramma vegna þeirra verkefna sem undir það heyra. Verkefnastjóra miðborgarmála skal gert að kynna fyrir verkefnastjórn miðborgar yfirlit yfir hvernig þessu fjármagni var útlutað í lok hvers starfsárs.